

Verkefnaskýrsla til
Rannsóknarráðs Íslands
1 - 97



Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

MAÍ 1997

SAMSPIL, SKYNMATS

OG ÁFERÐARMÆLINGA

MEÐ TÆKJUM

Sólveig Ingólfssdóttir
Jón Grétar Hafsteinsson
Ása Þorkelsdóttir
Emilía Martindsóttir

Útdráttur

Í þessari greinagerð er heimildaskrá yfir greinar er fjalla um áferðarmælingar með tækjum og greinar sem fjalla um samanburð á áferðarmælingum með tækjum og skynmati, alls 227 greinar. Fyrst og fremst eru þetta greinar sem fjalla um fisk og fiskafurðir. Einnig er í greinargerðinni að finna samantekt helstu atriða eftir lestur þeirra. Fjallað er um mat á áferð matvæla, helstu aðferðir sem notaðar eru við áferðarmat á mismunandi fiskafurðum. Að lokum eru valdar nokkrar aðferðir sem ætlunin er að aðlaga rannsóknarverkefnum í náninni framtíð.

1. INNGANGUR.....	3
2. NIÐURSTÖÐUR HEIMILDALESTURS.....	4
2.1. Mat á áferð matvæla.....	4
2.2. Hesltu aðferðir notaðar við mat á áferð fiskafurða með tækjum.....	5
2.2.1. Samþjöppun (Compression).....	5
2.2.2. Stautun (Puncture).....	6
2.2.3. Snúningur (Torsion).....	7
2.2.4. Tog (Tensile).....	7
2.2.5. Álag-slökun (Stress-relaxation).....	7
2.2.6. Warner - Bratzler.....	8
2.2.7. Kramer shear.....	9
2.2.8. Thermal scanning rigidity monitor (TRSM).....	9
2.3. Aðferðir notaðar við mat áferðar í mismunandi fiskafurðum.....	10
2.3.1. Gel.....	10
2.3.2. Surimi-gel.....	10
2.3.2.1. Stautun (Puncture test).....	10
2.3.2.2. Brot (Folding test).....	10
2.3.2.3. Samþjöppun (Compression test).....	11
2.3.2.4. Snúningur (Torsion test).....	11
2.3.2.5. Tog (Tension test).....	12

2.3.3. Marningur.....	12
2.3.4. Flök, hrá og soðin.....	12
2.4. Áferð metin með mismunandi aðferðum, tengsl þeirra og samsvörun.....	17
2.5. Áferð metin með skynmati.....	17
2.6. Framleiðslustýring.....	18
3. VAL Á AÐFERÐUM TIL NOTKUNAR Í FREKARI RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARVINNU.....	19
4. LOKAORÐ.....	20
HEIMILDASKRÁ.....	21

1. INNGANGUR

Í þessari greinagerð er heimildaskrá yfir greinar er fjalla um áferðarmælingar með tækjum og greinar sem fjalla um samanburð á áferðarmælingum með tækjum og skynmati. Fyrst og fremst eru þetta greinar sem fjalla um fisk og fiskafurðir. Einnig er í greinargerðinni að finna samantekt helstu atriða eftir lestur þeirra. Höfuðáhersla var lögð á greinar þar sem mæld er áferð heilla vöðva eða vöðvabita. Þessi samantekt er fyrst og fremst hugsuð sem stuðningur við lestur á þeim greinum sem er að finna í heimildaskránni en ekki sem yfirlitsgrein. Það er með vilja gert að láta ensku orðin fylgja með eða standa óþýdd svo ekki sé vafamál við hvaða hugtök er átt í viðkomandi grein. Fiskanöfn hafa verið þýdd á íslensku þar sem því var við komið og eru þýðingarnar samkvæmt Orðakveri Gunnars Jónssonar (Hafrannsóknir - 47. hefti, Hafrannsóknastofnun). Litið er á þessa samantekt sem forvinnu fyrir önnur rannsóknarverkefni.

2. Niðurstöður heimildalesturs

2.1. Mat á áferð matvæla.

Áferð, lykt, bragð, útlit og heilnæmi eru fjórir mikilvægustu þættir matvæla. Reynt hefur verið að flokka áferð og áferðarmælingar matvæla. Matvæli hafa verið flokkuð eftir áferðareiginleikum þeirra svo sem í vökva, gel, trefjamatvæli, frumuformuð matvæli, olíur og fitur auk dufta (Sone, 1972 sky. Bourne 1992). Einnig hafa áferðamælingar verið flokkaðar eftir þeim aðferðum sem beitt er við þær. Hægt er að skipta áferðarmælingum með tækjum í þrjá flokka, grunnpróf, reynslupróf og hermipróf.

1) Grunnpróf. Þessi próf eru vel skilgreind en hafa yfirleitt lélega fylgni við skynmat á áferð. Einnig er gert ráð fyrir að sýni séu einsleit sem er óheppilegt skilyrði fyrir mælingar á matvælum. Þau eru þó grunnur fyrir reynslupróf (empirical test). Í þessum flokki eru Poisson's hlutfall (breyting í hverri breiddareiningu/breyting í lengdareiningu), Young's modulus (stress/strain), Shear modulus (shearing stress/shearing strain) og Bulk modulus (hydrostatic pressure/volume strain) auk seigju.

2) Reynslupróf eru ýmiskonar próf eins og t.d. stautun (puncture test). Þó þau séu illa skilgreind og vanti oft staðla þá hefur fundist fylgni milli þeirra og ákveðinna áferðar-eiginleika sumra matvæla.


3) Hermipróf. Þetta eru próf þar sem reynt er að líkja eftir þeim aðstæðum sem matvæli lenda í. Texture profile analysis (TPA) eða áferðarrofsgreining er dæmi um slíkt.

2.2. Helstu aðferðir notaðar við mat á áferð fiskafurða með tækjum.

2.2.1. Samþjöppun (Compression): Sýni er pressað saman og kraft-tíma ferli skráð. Þvermál pressu er yfirleitt meira en þvermál sýnis. TPA (Texture profile analysis) er aðferðin kölluð þegar sama sýnið er pressað tvisvar í röð og er verið að líkja eftir munnbiti. Stærð sýna er yfirleitt „munnbiti“. Með þessari aðferð fást ýmsir mælikvarðar á áferð sýnisins og gefur eftirfarandi tafla yfirliti yfir þá (Bourne 1978, 1992) (sjá einnig nánar mynd 1).


Tafla 1. Yfirliti yfir mælikvarða á áferð metinni með TPA.

Mældir parametrar	Skýring
Harka (Hardness) (N)	Mesta kraftútslag í fyrri pressun
Samloðun (Cohesiveness)	Hlutfall jákvæðra kraftsvæða í seinni og fyrri pressun
Adhesiveness (J)	Neikvæða kraftsvæði fyrri pressunar
Springiness	Sú hæð sem sýnið nær að fara til baka eftir fyrri pressun
Fracturability	Fyrsta brot í ferli
Reiknaðir parametrar	
Gumminess (N)	Harka x samloðun
Chewiness (N)	Gumminess x springiness




Mynd 1. Dæmi um TPA-feril frá Instron kraftmæli.

2.2.2. Stautun (Puncture): Staut oft með kúlu eða keilulaga enda er þrýst í sýni sem yfirleitt er með mun meira þvermál en stauturinn. Kraft-tímaferli er skráð. Kraftur (K) við uppbrot (yield point) er oft skráður og einnig vegalengdin (V) sem þarf til að ná uppbrotinu. Einnig er $K \times V$ stundum reiknað og kallað vinna að uppbroti (work to failure) (Verrez-Bagniz, 1993). Í puncture mælingum á sér stað bæði samþjöppun og shearing (mynd 2) og er mældur kraftur bæði háður ummáli og flatarmáli stauts. Fimm grunngerðir af ferlum sjást í puncturmælingum (mynd 3) þar sem puncturmælingar henta ekki fyrir matvæli sem sýna ferli E og D er sérútgáfa af A. Aðallega er skoðað tvennt á ferlunum. Fyrst eins og áður hefur komið fram svo kallað uppbrot (yield point) og útslag ferilsins eftir uppbrot þ.e. hvort það helst það sama, eykst eða minnkar.



Mynd 2. Uppdráttur af dæmigerðri stautun (puncture test).




Mynd 3. Dæmigerður uppdráttur af fimm mismunandi tegundum af kraft-fjarlægðar ferlum fyrir stautun (puncture test).

2.2.3. Snúningur (Torsion): Endar sýnis eru festir við tæki og síðan er snúið upp á sýnið. Sýni er oftast formað eins og stundarglas og fest í tækið á breiðari endunum. Þetta er gert til að sýni rifni í miðjunni en ekki þar sem það er fest við tækið. Sá kraftur sem þarf til að rífa sýnið er skráður.

2.2.4. Tog (Tensile): Sýni sem yfirleitt er sívalingslaga er límt á plötur og það síðan togað í sundur. Sá kraftur sem þarf til að rífa sýnið er skráður. Hér líkt og í torsion mælingum er sýnið oft formað eins og stundarglas til að það rifni ekki á festingum. Yfirleitt er gert er ráð fyrir að sýnið rofni snögglega og í ákveðnu plani. Á slíku getur þó verið misbrestur og sprungur og rifur myndast víða um sýnið.


2.2.5. Álag-slökun (Stress-relaxation): Ákveðinn kraftur er lagður á sýnið og kraftferill mótstöðu sýnis er skráður. Hvernig sýnið heldur á móti kraftinum er metið. Þessi aðferð gefur mat á seigju (viscosity) og teygni (fjöðrun) sýnisins (elasticity). Eftir því sem teygni sýnisins er meiri því hraðar bregst það við álagi og nær sýnið upprunalega formi þegar álagið er tekið af sýninu. Mynd 4 sýnir dæmi um stress-relaxation feril. Þar sem þessar breytingar eru tímaháðar er mælt hve langan tíma tekur að ná fram ákveðinni breytingu og þar sem ferillinn er oft „ln(x)-legur“ þá er oft mældur sá tími sem tekur mótstöðuna að minnka í $1/e$ af upprunalegu gildi eða þar sem $1/e = 0.3678$ í 36.78% af upprunalegu gildi.



Mynd 4. Kraft-tíma samspil fyrir sýni með bæði teygni og seigju eiginleika.

2.2.6. Warner - Bratzler: Núningur-skurður. Sellan er byggð upp í kringum þríhyrningslaga gat. Ein hlið þríhyrningsins er botn sellunnar og í henni er rauf. Í gegnum raufina renna hinar hliðar þríhyrningsins sem eru skornar úr (0.04 in. þykku) málmblaði þannig að þríhyrningsgatið minnkar stöðugt. Efsta horn þríhyrningsins er rúnað af. Við mælingu er sýni sett í gatið og málmblaðinu rennt í gegnum raufina. Eftir því sem þríhyrningsgatið minnkar þá þrengist að sýninu og að lokum skera hliðar og horn þríhyrningsins sýnið. Við skurðinn á sér einnig stað shearing (núningur) og tensile stress (tog) (sjá nánar mynd 5).

Fish shearing device er afbriði af Warner-Bratzler sem Chamberlain *et al.* (1993) þróuðu. Gatið er ekki þríhyrningslaga heldur getur verið hring eða ferningslaga.



Mynd 5. Uppdráttur af Warner-Bratzler þríhyrningi og skurði á sýni. A, hringlaga sýni í upphafi. B, sýni fyllir upp í rýmið. C, sýni. D, Tog myndast í sýni við enda blaðsins. T, tog (tensile stress).

2.2.7. Kramer shear: Dæmigerð Kramer shear sella er málmbox (6.6 x 7.3 x 6.4 cm) Botninn er að hluta til opinn þar sem í honum eru rifur (1/8 in.) og málmþil (1/8 in.). Frá hverri rifu liggur renna upp vegg málmboxins. Síðan er laust lok sett á boxið með hliðstæðum rennum og þiljum og eru í botninum. Á kraftásinn eru fest greiða með blöðum sem eru jafnmörg og rifurnar (4-10) (1/8 in. þykk og 2og3/4 in. breið). Sýni er sett í málmboxið, lokið sett á og greiðunni rennt í gegnum lokið á sýnið og í gegnum botninn. Í sýninu getur átt sér stað extrusion, shearing og samþjöppun. Það fer eftir gerð matvælis hvernig blandan er.

2.2.8. Thermal scanning rigidity monitor (TSRM): TSRM sella er notuð fyrir samfellt mat á modulus of rigidity (shear stress/shear strain) og orkulosun (energy damping) við hitun á fiskdeigi. Fleiri en ein tegund af sellum eru til en í grundvallaratriðum virkar sellan þannig að hún inniheldur einhverskonar hólf sem sýnið er sett í. Sellan er tengd hitabaði með stýranlegri hitastigsaukningu. Í miðju hólfins er stykki sem tengt er kraftási kraftmælis og er það hreyft á nokkurra mínútna fresti (upp og niður eða í hringhreyfingu) meðan sýnið er hitað. Montejano *et al.*, 1983, lýsir sellu úr látúni sem er tengd forritanlegu hitabaði. Í grófu dráttum er hún U-laga hólf (botn sellunar) með miðjuplötu sem er tengd kraftási áferðarmælisinnis. Hliðar hólfis og platta eru grópaðar rásam til að koma í veg fyrir að sýnið renni. Sýni er pakkað í hólfid og miðjuplattinn hreyfður í hringhreyfingu á 2ja mínútna fresti meðan sýnið er hitað. Burgarella *et al.* (1985) gerði breytingar á þessari sellu m.a. þannig að hreyfingin er aðeins upp og niður. Skerkrafturinn (shear force) er skráður og rigidity modulus reiknaður þannig (Burgarella *et al.* 1985):

$$G = (F \times t) / (2 \times l \times w \times d)$$

þar sem G = rigidity modulus (Pa), l = lengd sýnis (m), w = breidd sýnis (m), t = þykkt sýnis (m), d = peak-to-peak aflögund sýnis (m) og F = peak-to-peak kraftur (N).

Wu *et al.* (1985a, 1985b) lýsir notkun plunger type TSRM sem notaður er sem sella í Instron kraftmæli, og cylinder type TSRM (Wu *et al.* 1985b) í Brookfield viscometer. Þá hefur Wu *et al.* (1985c) einnig lýst notkun blade type TSRM til notkunar í Instron kraftmæli og er það í raun smækkuð útgáfa á tæki Montejanos *et al.* (1983).

Algeng tæki sem notuð eru við þessar mælingar eru Instron Universal Testing Machine, Texture Analyser TA.XT2, Stevens Compression Response Analyser (SCRA) og Ottawa Texture Measuring System.

Í öllum þessum mælingum er það háð viðkomandi matvæli hve mikil áhrif stærð sýnis hefur á mælingar. Til eru dæmi um bæði línuleg og ólínuleg áhrif auk þess að á ákveðnu bili hefur stærðs sýnis jafnvel engin áhrif. Þess vegna er ráðlegt að staðla allar tilrauna-aðstæður og þar með stærð sýnis frekar en það gefa upp niðurstöður sem kraftútslag/stærð sýnis.

Staðalfrávik geta verið vandamál m.a. vegna misleitni sýna og mismunandi aðferðir geta gefið hliðstæða niðurstöður en mismunandi staðalfrávik. Því geta aðferðir hentað misvel við að greina mismun milli sýna (Pastoriza og Sampedro, 1994; Schubring, 1994).

2.3. Aðferðir notaðar við mat áferðar í mismunandi fiskafurðum

2.3.1. Gel: Hsieh and Regenstein (1992a, 1992b, 1993) leiða út módel fyrir prótein gelun og áferðarmælingar þar sem tekið var fyrir meðal annars rubber elasticity, stress-relaxation og failure compression.

2.3.2. Surimi-gel: Algengustu aðferðir til að meta áferð surimi-gels eru puncture-aðferðin (puncture test, einnig nefnt penetration test og punch test) og folding test. Önnur hentug próf eru compression test eða TPA (texture profile analysis), torsion test og slot-and-blade test (Kramer shear cell).

Sýni eru oftast hituð í görnum eða stálrörum og skorin í stærðir. Einnig má sjóða þau í bökkum og stinga þau út. Ef ekki er lofttæming á farsvél er til bóta að lofttæma fars fyrir suðu. Sýni eru nær alltaf mæld við stofuhita.

2.3.2.1. Stautun (Puncture test): Japanir nota staðlað puncture próf til að meta gelstyrk surimis. Sýnið er lagað eins og sívalningur með þvermál 30 mm og hæð 25 mm (hitað í röri eða görn með 50 mm þvermál). Stauturinn hefur 5 mm kúlu á endanum og hreyfist með hraðanum 20 mm/mín. Mörg önnur þvermál og margir hraðar hafa einnig verið notaðir. Hraði stauts er allt frá 10 mm/mín til 60 mm/mín. Niðurstöður eru venjulega hámarkskraftur (peak force) og stundum einnig dýpt stautsins við brot (fracture, failure) sýnis. Margfeldi þessara stærða er gefinn sem gel styrkur (gel strength) og er notað í gæðaflokkun Japana.

Puncture prófið mælir geleiginleika í ákveðnum punkti í sýninu sem er aldrei fullkomlega einsleitt og er því algengt að fráviksstuðullinn (coefficient of variation), þ.e. staðalfráviknið sem hlutfall af meðaltalinu, sé af stærðinni 10%. Því er nauðsynlegt að framkvæma nokkurn fjölda mælinga á hverju sýni, venjulega meiri en 10.

2.3.2.2. Brot (Folding test): Sýnið er 3mm þykk, hringlaga sneið af surimi-geli. Sýninu er haldið milli þumals og vísifingurs, brotið saman og skoðað hvernig það brotnar, sjá töflu 2.

Tafla 2. Gæðaflokkun surimis samkv. folding test

Flokkun	Ástand
AA	Engin sprunga eftir tvöfalt brot
A	Engin sprunga eftir eitt brot (til helminga)
B	Sprungu myndast hægt eftir brot til helminga
C	Sprungu myndast strax eftir brot til helminga
D	Brotnar við þrýsting fingra

2.3.2.3. Samþjöppun (Compression test): TPA próf hefur verið notað af nokkrum til að mæla eiginleika bæði surimigels og marningsgels (Bourne, M.C., 1978). Erfiðleikar við notkun TPA á surimigel geta komið upp þar sem gelið getur haft svo mikla samloðun að þau brotna ekki, jafnvel þó þau séu pressuð niður í 10% af upprunalegri hæð (Hamann og Macdonald, 1992, p. 461).

Lee, C.M. (1984) lagði til að samþjöppunarpróf með 90% samþjöppun væri notað til að gæðaflokka surimi. Sýni væru 25mm að þvermáli og 25mm á hæð. Mældir eiginleikar séu: samþjöppunarkraftur við brot (failure) eða 90% samþjöppun (það sem gerist fyrr) og aflögun sýnis við brot eða 90% samþjöppun. Hann kallar samþjöppunarkraftinn cohesiveness (samloðun) og rökin fyrir því eru að viðnám sýnisins við samþjöppun sé mælikvarði á bindigetun þ.e. hæfileiki gelsins til að aflagast, frá því að vera sívalningur til að vera flatur diskur, án þess að brotna. Þannig verður það yfirborð af sýninu sem er í snertingu við selluna mun stærra og, þar sem eiginleikar gelsins eru nokkurn veginn óbreyttir þar til það brotnar, þá er krafturinn aðallega fall af þessum hæfileika þ.e. samloðun (cohesiveness). Expressible moisture má mæla samtímis með filterpappír. Vegna hinnar miklu aflögunar sýnis er ekki hægt að reikna beint stress- og strain-gildi við brot.

Lee, C.M. og Chung, K.H. (1989) báru saman niðurstöður frá compression og penetration prófum á geleiginleikum surimis. Breytur sem notaðar voru til að fá surimi af misjöfnum gæðum voru; tegundir, ferskleiki, freeze-abuse, lofttæming (með/án) og íblöndunarefni.

Samþjöppunarkraftur við brot sýnis (failure) reyndist betri mælikvarði á breytum (more discriminative) en penetration kraftur. Niðurstöður gáfu til kynna að samþjöppunarpróf er nytsamt til að meta samloðunareiginleika en penetration próf er betra til að meta þéttleika (density) og compactness. Góð fylgni var milli stærða á compressive og penetration kröftum þegar mæld voru gel búin til úr sömu fisktegundum, með eða án íblöndunarefna, hins vegar var lítil fylgni þegar mælt var surimi sem hafði verið freeze-abused eða var búið til úr ólíkum fisktegundum.

Niðurstaðan var því að þessi tvö próf mæli ólíka eiginleika og að penetration prófið væri áreiðanlegt þegar meta á surimi sem búið er til úr sömu fisktegund og með sömu aðferðum þ.m.t. vatnsinnihald, försunartíma, sýnastærð, suðuhita og suðutíma. Við compression prófun þarf að gæta þess að sýni brotni (fail) og gerðist það vanalega við 90-95% afmyndun þegar vatnsinnihald var 78-79%. Því þarf að ákveða stærð og vatnsinnihald sýnis þannig að sýni brotni innan þess sviðs sem mælt er á. Mælt er með því að nota þessi próf samhliða.

2.3.2.4. Snúningur (Torsion test): Lanier, 1992, telur að torsion prófið sé það próf sem gefi besta mynd af eiginleikum surimigels. National Fisheries Institute (NFI) í U.S.A. leggur til að þetta próf sé notað sem staðalpróf. Sýni sem hafa verið hituð í stálrórum (þvermál 19 mm) eru skorin í 28,7 mm hæð og límd á styrene diska með cyanoacrylate lími. Þá eru þau rennd þannig að þau fái lögum eins og stundaglas með minnsta þvermál 1mm, komið fyrir í sérstökum seigjumæli og snúið upp á það þar til það brotnar. Kraftvægi (snúningsátak) sýnisins er skráð sem fall af snúningshorninu.

Stress og true strain eru síðan reiknaðar út eftir ákveðnum reglum (Lanier, 1992) og má túlka hið fyrra sem styrk (strength) og hið síðara sem samloðun (cohesiveness)

2.3.2.5. Tog (Tension test): Suzuki (1981) lýsir tension prófi hannað af Prof. Y. Shimizu þar sem kleinuhringslagað sýni, skorið úr surimisneið er teygt milli tveggja króka þar til það slitnar. Þetta próf er notað við framleiðslueftirlit í verksmiðjum er vinna matvæli s.s. krabba-analog úr surimi.

2.3.3. Marningur: Hsieh og Regenstein (1989) skoðuðu áferðarbreytingar í þorskmarningi við frostgeymslu við mismunandi hitastig. Sýni voru mótuð í svo kölluðum Nalgene jars (þvermál 35 mm, hæð 40 mm sýni 35mm x 38mm þyngd 29-30 g). Notuð var TPA aðferðin og pressað 65%. Parametrar mældir voru harka 1 (fyrra útslag) harka 2 (seinna útslag) og samloðun. Harkan og samloðunin hækkaði með geymslutíma en þó minna eftir því sem geymsluhitstig lækkaði. Aðrir sem notað hafa Nalgene jars við mat á þorskmarningi eru meðal annars Ragnarsson og Regenstein (1989), Samson *et al.* (1985) og Chapman *et al.* (1993). Jahncke *et al.* (1992) skoðuðu einnig áferðarbreytingar í þorskmarningi.

2.3.4. Flök, hrá og soðin: Á söltuð síldarflök hafa verið notaðar aðferðir eins og TPA, Warner - Bratzler, Kramer shear og Stress - relaxation og var hægt að fylgjast með verkun síldarinnar með þessum aðferðum (Schubring, 1994; Mansur og Horner, 1994, Derrick og Horner, 1995). Dæmi um tíma-kraftferla fyrir mismunandi aðferðir voru tekin fyrir í greininni.

Borderias *et al.* (1983) prófuðu á regnbogasilungi sardínum, ál, brynstritlu og kolmunna Warner-Bratzler, Kramer shear, samþjöppun og puncture próf. Höfundar voru að bera saman skynmat og tækjamat á áferð fyrir bæði flök og marning, soðin og hrá sýni. Í skynmatinu var í fyrsta bita metið wateriness, firmness, elasticity, cohesiveness og við seinni bit hardness og juiciness. Notaður var sjö punkta skali þar sem regnbogasilungurinn var skilgreindur sem miðja skalans og hinum fiskunum raðað eftir því. Niðurstöður þeirra voru að engin fylgni fannst hjá flökum milli tækja og skynmats en fyrir marninginn

fannst fylgni milli parametra. Í greininni er stærð og gerð sýna auk aðstæðna við mismunandi prófanir lýst mjög nákvæmlega.

Azam *et al.*, (1989) mátu áferð á regnbogasilungi. Á hráum flökum var teygni metin með því að pressa staut með kúptum enda og 15 mm í þvermál, tvisvar sinnum 2 mm ofan í flakið. Mismunur fjarlægðar á fyrri og seinni snertistað flaksins var metin sem teygni sýnsins. Soðin flök voru stöppuð og sýni formuð 25 mm í þvermál og 12.5 mm að hæð. Síðan var staut sem var 12.5 mm í þvermál þrýst ofan í sýnið og mesta kraftútslag skráð og kölluð harka. Einnig var framkvæmt skynmat þar sem metið var firmness, toughness, elasticity og succulence. Teygni jókst við *post mortem* geymslu á ís og harkan minnkaði. Niðurstöður skynmats gáfu hins vegar til kynna að ekki var hægt að greina mun á áferð á fyrsta degi og fimmtánda degi geymslutímans.

Við mat á áferð á hráum þorskmarningi við fjórar mismunandi geymsluaðstæður í frosti reyndist gott samræmi milli Stress-relaxation og springiness. Springiness var metið með því að fingri var ýtt á sýni af marningi og metið hve vel sýnið fór til baka. Fylgnistuðlar voru hærri en 0.95 fyrir allar fjórar geymsluaðstæðurnar. Einnig var mikil fylgni milli Stress-relaxation og vatnsheldni (Expressible moisture (EM)) er sýni var pressað í Instron og síupappír tók við vökvanum. Fylgnistuðlar voru alltaf yfir 0.86. Vatnsheldni metin með skilvindun gaf ekki eins góða fylgni við Stress relaxation (Samson *et al.*, 1985).

Botta *et al.* (1987) mat áferð á uppþíddum soðnum þorskflökum með Ottawa Texture Measuring System (firmness- shear compression force). Með þeirri aðferð var hægt að meta árstíðabreytingar í áferð þorskhaldsins.

Botta (1991) lýsir tæki til að meta áferð á hráum þorskflökum án þess að skemma þau. Tækið þrýstir niður í flakið í 1 sek., fjarlægðin mæld og metin sem firmness (di). Síðan er krafturinn tekinn af og hve mikið flakið kom til baka er metið sem resilience (dr). Þá er áferðarstuðull (texture index) (dr/di) reiknaður út.

Chapman *et al.* (1993) mátu breytingar í áferð í flökum af lýsingi og makríl með TPA í frostgeymslu. Notuð voru Nalgene form til að skera út sýni úr flökum sem voru 35 mm í þvermál, 1 tommu af þykkt og 30 g af þyngd. Harka og samloðun jókst með geymslutíma fyrir lýsinginn en aðeins harkan hjá makrílnum. Einnig var marningur skoðaður og jókst harkan svo og samloðunin fyrir báðar þessar fisktegundir með geymslutíma.

Karl og Schreiber (1985) skoðuðu áferð niðursoðins makríls, síldar og kolmunna með Kramer shear sellu (Instron), Brabender Farinograph auk skynmats. Mesta útslag Kramer shear sellunnar var metið sem firmness og í skynmatinu var áferð í fyrsta bita metin auk juiciness og form eftir tyggingu. Einnig var metin heildaráferð sem gefin var nafnið consistency. Góð fylgni var milli áferðar í fyrsta bita og forms eftir tyggingu við bæði firmness og parametra frá Brabender grafinu. Ekki var fylgnin góð við consistency.

Kim and Heldman (1985) fylgdust með breytingum í áferð hrárra þorskflaka við frostgeymslu með TPA. Sýni voru 2.2 cm í þvermál og pressuð 20%. Mæld var harka (kölluð

toughness í greininni) og samloðun (cohesiveness). Reiknaður var út hraði áferðar-breytinga:

$$dC/dt = kC^n$$

Þar sem:

C = mældur áferðarþáttur

t = tími

k = hraðafasti

n = stig jöfnunnar

dC/dt = breytingar á áferðarþátti C með tíma.

Einnig voru reiknuð út áhrif hitastigs í frostgeymslu á hraðafastann (k):

$$k = A \exp(-E_a/RT)$$

Þar sem:

A = fasti

E_a = virkunarorkufasti

R = gasfastinn

T = hitastig í gráður K.

Helstu niðurstöður voru þær að breytingar í áferð fylgdu fyrsta stigs ferli. Harka jókst með tíma en samloðunin minnkaði með geymslutíma í frosti. Hærri virkjunarorka fyrir hörku en samloðun gefur til kynna að geymsluhitastig hefur meiri áhrif á hörkuna en samloðunina.

Kramer og Peters (1981) mátu áhrif pH og frystingar á áferð yellowtail rockfish (*Sebastes flavidus* (karfi)) með Ottawa Texture Measuring System. Soðin flök voru aðskilin í flögur og sýni formuð í ferninga (1/4"). Síðan voru notuð 15 g af þessum sýnum í Kramer shear sellu, fjögurra blaða. Kramer shear gildin hækkuðu með lækandi pH. Þau sýni sem geymd voru nokkra daga sýndu lægri gildi eftir 6 mánaða geymslutíma við -28 C, eftir að niðurstöður höfðu verið leiðréttar með tilliti til pH.

LeBlanc *et al.* (1987) mátu áhrif frystingar og pressunar á áferð bæði hrárra og soðinna fiskflaka. Til þess var notuð 4 blaða Kramer shear sella. Fiskflökin voru skorin í 1 cm³ stykki og 50 g af þeim notuð við hverja prófun. Mæld voru útslög og hallatölur kraftferla og eru dæmi um ferla sýnd í greininni. Mælt var eftir 6 mánaða geymslu við -12 C og -30 C auk þess að ferskur 48 klst. gamall þorskur var einnig mældur. Niðurstöðurnar voru í eftirfarandi röð -12 C, -30 C og ferskur þar sem sýni geymd við -12 C gáfu mestu útslög. Þessi mæliaðferð gaf því vísbendingu um hvernig fiskurinn verður seigur.

Segars *et al.* (1981) prófuðu m.a. tog (tensile) og álag-slökun (stress-relaxation) á flökum af ýmsum fisktegnum. Þeirra niðurstöður voru þær að þessar aðferðir væru nothæfar og ætti að prófa til að mæla ýmsa eiginleika fiskflakanna.

Reid og Durance (1992) skoðuðu áferð í hundlaxi með tilliti til kynþroska. Laxinn var niðursoðinn og úr flakflögum voru formuð sýni 2,5 cm í þvermál og 2 cm þykk. Áferð með tækjum var metin með TPA (Instron) en fyrir skynmatið var General Foods Texture Profile aðferð notuð sem fyrirmynd og firmness, dryness, fibrousness og chewiness metið. TPA parametrarnir höfðu tilhneygingu til að minnka með auknum kynþroska og lítil fylgni reyndist milli áferðar metinni með skynmati og tækjum.

Eifert *et al.* (1992) athuguðu áhrif mismunandi meðhöndlunar við og eftir slátrun á *post mortem* geymslu randaborra. Metin var áferð í bæði hráum og soðnum flökum. Notuð var Kramer shear sella og sýnastærð var 15g. Mæld voru útslög og orka að 30% pressun. Mismunandi meðferð við og eftir slátrun sýndi mismun í Kramer shear parametrum.

Green and Babbitt (1990) skoðuðu mýkingu vöðva tannkolla vegna snýkjudyra. Áferð þverskorinna flakabita (10 x 1 x 4 cm) var metin í þeim hráum og eftir mismunandi hitunaraðferðir. Stautun (puncture test) með flötum haus (þvermál 1 cm) var notuð við mælingarnar. Niðurstöður áferðarmælinganna sýndu mismunandi áhrif hitunaraðferðar á áferð vöðvans.

Johnsson *et al.* (1980) umbreytti kraft-tíma ferlinum í true stress(σ^T)- strain (ϵ^T) feril. Út frá honum var reiknaður svo kallaður modulus of deformability (M) sem er hliðstæður Young modulus. Fyrir nefndi modulusinn gefur grófan mun á sýnum en er ekki næmur á áhrif ýmissa þátta tilraunarinnar svo sem stærðar sýnis eða núning þess við tæki. Þess vegna þarf að staðla tilraunaaðstæður svo samanburður sé mögulegur. Modulus of deformability gefur mat á mótstöðu sýnis gegn afmyndun. Modulus of deformability er fundinn úr á eftirfarandi hátt:

$$M = \sigma^T / \epsilon^T = \text{true stress} / \text{true strain}$$

$$\sigma^T = F(t) (H_0 - dH) / A_0 H_0$$

$$\epsilon^T = \ln(H_0 / (H_0 - dH))$$

$$F(t) = \text{kraftur}$$

$$H_0 = \text{upphafshæð sýnis}$$

$$dH = \text{afmyndun sýnis}$$

$$A_0 = \text{upphaflegt flatarmál sýnis}$$

Þessi aðferð var prófuð á flök af ýmsum fisktegundum bæði hrá og soðin. Sýni voru 1,5-3,0 sm á þykkt og um það bil 15 fersentimetrar á þykkt. Sýnin voru pressuð í Instron og kraft-tímaferillin umreiknaður í true stress-strain feril og M fundinn með línulegri aðhvarfsgreiningu á línulega hluta ferilsins. Fyrstu 20-50% pressunar er ferillinn yfirleitt línulegur en beygir síðan upp eða niður. Frá true stress-strain ferlinum er því hægt m.a. að lesa þrennt. M, hversu lengi ferillinn er línulegur og síðan hvort ferillinn beygir upp eða niður eftir línulega hlutann. Eins og áður hefur komið fram þá prófuðu Johnson *et al.* (1980) ýmsar fisktegundir en þær voru lýsningur, ufsi, flundra, þorskur, drungi og steinbítur. M lækkaði yfirleitt við suðu þ.e. sýnin urðu mýkri, línulegi hlutinn var um 20-40% strain. Þegar línulega hlutanum lauk þá beygði ferillinn yfirleitt upp hjá hráum sýnum

sem bendir til aukinnar samþjöppunar en hjá soðnu sýnunum beygði ferillinn oft niður sem bendir til að innri tengsl séu að rofna.

Johnson *et al.* (1981) prófuðu 26 mismunandi fisktegundir til að skoða samspil áferðamælinga með skynmati og tækjum. Við skynmatið var notað svo kallaður General Foods Texture profile method (descriptive sensory analysis) - 7 punkta skali.

Í fyrsta biti var metið hardness og flakiness

Við tyggingu var metið chewiness, fibrousnes, adhesiveness, cohesiveness of mass auk moisture og oil release.

Við leifar var metið Oily mouth coating og astringent.

Við tækjamælingar var notaður Instron og Puncture and die aðferð. Staut með flötum enda 1 cm í þvermál var þrýst á flökin með 2 cm/mín hraða. Við áferðarmatið var mældur maximum force (shear stress), hallatala við samþjöppun (stiffness) og vegalend sú er staturinn náði að fara í sýninu áður en að uppbroti kom (strain at failure). Í greininni eru gefin dæmi um ferla. Hægt var að raða mismunandi fisktegundum með þessari aðferð eftir áferð þeirra. Bæði tæki og skynmat voru notuð til að meta 18 tegundir. Fylgni reyndist mikil milli sumra parametra er áferð var metin við tækjum og skynmati, t. d. fyrir hardness og chewiness vs. tækja max. stress reyndist fylngistuðullinn 0.81 fyrir fyrri parameterinn en 0.87 fyrir þann seinni.

Feinstein og Buck (1984) skoðuðu áferð hjá keilu og gulsporð með Instron og notuðu til þess aðferð Johnson *et al.* (1980) og reiknuðu út compressive deformability modulus. Sýnin voru 4x4 cm og voru prófuðu hrá og soðin. Mismunandi áferð mældist milli tegunda og eftir því hvort sýni voru soðin eða hrá.

Hatae (1984) mældi áferð í fimm fisktegundum. Firmness var metið með Texturometer á þann hátt að álstaut 13 mm í þvermál var þrýst ofan í soðna flakabita. Einnig var metin samloðun (TPA). Að auki var notuð stöðluð japönsk aðferð svo kölluð penetration depth, þar sem nál er ýtt í vöðvann í 3 sek. Tölfræðilega var vel unnið úr niðurstöðum.

Kruger og Fennema (1989) athuguðu hvaða áhrif frysting og íblöndunarefni hefðu á áferð Alaskaufsa. Geymt var við -10 C í allt að 10 vikur. Mælt var með Instron og Kramer shear sella notuð. 1x 1cm sýni úr miðju flaki voru soðin og 50 g af slíkum sýnum notuð við mælingarnar. Sem mælikvarði á áferðarbreytingar var max kraftur mældur. Hann jókst við frostgeymsluna.

Chamberlain *et al.* (1993) notuðu fish shearing device (FSD) sem er afbrigði af Warner-Bratzler aðferðinni til að skera sundur vöðvasýni og meta shear force. Einnig var framkvæmt skynmat á hráum flakabitum og þeir tuggnir. Nákvæm lýsing var á sýnatöku í greininni og einnig dæmi um ferla úr Instron tækinu. Einnig var útskýrt á mynd hvernig parametrarnir þrjú peak shearing force force at 70% strain og slope er mældir. Mikil

fylgni fékkst milli áferðarmælinga með skynmati og tækjum og voru tækjamælingarnar tölfræðilega nákvæmari.

2.4. Áferð metin með mismunandi aðferðum, tengsl þeirra og samsvörun

Metin var breyting á áferð í þorsk marnings við frystigeyslu (Ragnarsson og Regenstein, 1989). Harka (TPA) var í samræmi við krosstengingu próteina ákvarðað með rafdrætti. Höfundar drógu þá ályktun að krosstengi í próteinum marningsins hefði áhrif á áferð hans við frostgeyslu. Shear strength mælt með Kramer shear og Warner - Bratzler sellum eykst við frostgeyslu á lýsingi (*Merluccius merluccius*) (Montero og Borderias, 1990). Höfundar telja skýringuna aukna samfellingu (aggregation) vöðvatrefjapróteina og kollagens.

2.5. Áferð metin með skynmati.

Með skynmati er áferð metin kerfisbundið með skynfærum mannsins. Skynmatspróf sem notuð eru til að lýsa eiginleikum matvæla eru kölluð myndræn (profile) próf, (Hootmann, R.C.1992). Í upphafi tilrauna eða við hönnun skynmatsprófs eru það dómaraar ásamt hópstjóra sem ákvarða matsþætti til að lýsa eiginleikum matvæla í myndrænu prófi. Þessa matsþætti þarf að skilgreina vel í hverju skynmatsprófi. Bæði þarf að tryggja sama skilning á hugtakinu hjá dómurum og eins þarf að skilgreina vel stærð eða styrkleika matsþáttar til að lýsa mynd viðkomandi sýnis. Áferð matvæla getur samanstaðið af fleiri en einum matsþætti. Niðurstöður áferðarmats með skynmati má kalla áferðarmynd (texture profile) viðkomandi sýnis. Í myndrænu prófi eru eiginleikar metnir eftir ókvörðuðum línunum sem lýsir styrkleika eða stærð sýnis. Við tölfræðilega úrvinnslu gagna eru línurnar kvarðaðar. Æskilegt er að 8-12 þjálfaðir dómaraar taki þátt í skynmatinu. Hver dómari metur sambærilegt sýni og oft er endurtekið mat á sama sýni. Umhverfi og aðstæður þurfa að vera þannig að ekki hafi áhrif eða ónæði skynmat.

Oftast eru eiginleikar sem notaðir eru við skynmat á áferð matvæla metnir í munnholi með tönnum, tungu og góm. Suma eiginleika er einnig hægt að maeta með fingri. Eiginleikum er skipt eftir því hvort sýnin eru metin í fyrsta biti eða þegar tuggið er. Hér verða taldir upp eiginleikar sem algengt er að nota við áferðamat matvæla en mismunandi er hvaða eiginleikar eru valdir í hvert skynmatspróf (Hootman, R.C. 1992). Það getur verið mismunandi eftir tungumálum hvaða hugtök eru til og notuð til að lýsa áferð. Þegar verið er að þýða orð, hugtak eða skilgreiningu á matsþætti úr erlendu máli, þarf að vera öruggt að dómaraar skilji eðli þeirra. Hér verða ensk orð sett í sviga.

Eiginleikar metnir í fyrsta biti á sýni:

Harka (hardness): Hart / mjúkt. Hvað þarf mikinn kraft til að ná sýni í sundur ?

Þéttleiki, stinnleiki (firmness). Mýkt (softness): Stinnur, þéttur (firm) / linur, mjúkur (soft). Hversu mikið viðnám, mótstöðu veitir sýnið í fyrsta biti? Stinnt eða þétt sýni veitir meiri mótstöðu en mjúkt.

Vatnsáferð (watery): Hversu mikið vatn losnar úr sýni við þrýsting. Ekkert vatn / mikið vatn. Má einnig meta með sjónmati þ.e með því að þrýsta á sýni og meta hversu mikið vatn lekur úr sýni.

Samloðun (cohesiveness): Hversu samloðandi er sýnið. Hvað þolir sýni mikla samþjöppun áður en það brotnar. Engin samloðun, sýnið þolir litla samþjöppun og sundrast eða molnar auðveldlega við bit. Mikil samloðun, sýni þolir mikla samþjöppun áður en það brotnar eða sundrast.

Viðloðun, klístrun (adhesiveness): Hversu límkennt, klístrað sýni er. Loðir eða festist sýni við tennur, tungu og góm ?

Fjöðrun (elasticity, springiness): Sýni fjaðrar ekki, það heldur afmynduðu formi án þes að brotna eða fjaðra til baka (plastic). Sýni réttir sig í fyrri lögun eftir samþjöppun (elastic, springy). Þennan eiginleika er einnig hægt og oft auðveldara að meta með því að þrýsta fingri á sýni.

Áferðabættir sem metnir eru þegar sýni er tuggið:

Safaríkur (succulence): Þurr (dry) / safaríkur (succulent). Áhrif vatns í munni. Þurr sýni dregur vatn úr munni þegar tuggi. Safaríkt sýni losar vatn í munn þegar tuggið.

Seigla (toughness): Seigur (tough) / meyr (tender). Hversu auðvelt er að tyggja sýni, hversu lengi þarf að tyggja sýnin. Tyggja þarf seigara sýni lengur en meyr sýni.

2.6. Framleiðslustýring

Schubring (1994) mælti meðal annars með því að nota Warner-Bratzler og TPA til að fylgjast með verkun síldar. Samson *et al.*, (1985) telja að í að minnsta kosti við ákveðnar aðstæður geti vatnsheldni metin í Instron verið betri mælikvarði en DMA á breytingar í þorskmarningi í frosti.

Botta (1991) lýsir tæki til að meta áferð á hráum þorsflökum án þess að skemma þau. Tækið þrýstir niður í flakið í 1 sek, fjarlægðin mæld og metin sem firmness (di). Síðan er krafturinn tekinn af og hve mikið flakið kemur til baka er metið sem resilience (dr). Þá er áferðarstuðull (texture index) (dr/di) reiknaður út. Tækið gaf góða raun við gæðaflokkun og bar vel saman við skynmat með „finguraðfeðinni“. Gæðastuðull lægri en 45 þýddi yfirleitt að flakið var óhæft í 1. flokks umbúðir.

Framleiðsla á afurðum úr surimi krefst nákvæmrar gæðaflokkunar m.t.t. áferðareiginleika og eru áður nefnd próf mikið notuð við gæðamat á surimigeli þ.e. stautun (puncture), samþjöppun (compression), tog (tension), snúningur (torsion), vatnsheldni (expressible moisture) og brotpróf (folding test), auk skynmats.

3. VAL Á AÐFERÐUM TIL NOTKUNAR Í FREKARI RANNSÓKNAR- OG ÞRÓUNARVINNU.

Þær aðferðir sem verða aðlagðar að væntanlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum eru eftirfarandi:

1. Áferð metin með tækjum
 - 1.1 Gel og marningur
 - Samþjöppun (Compression)
 - Stautun (Puncture)
 - 1.2 Flök og flakabitar
 - Samþjöppun (Compression)
 - Stautun (Puncture)
 - Álag-slökun (Stress-relaxation)
 - Warner - Bratzler
 - Kramer shear.
2. Áferð metin með skynmati
 - Myndræn próf

4. Lokaorð

Það kom á óvart að af þeim rúmlega 200 greinum sem skoðaðar voru og fjölluðu um áferðarmælingar þá eru einungis 10-15 % þeirra sem fjalla um áferðarmælingar á heilum fiskvöðva. Ef athuganir á marningi eru teknar með, hækkar hlutfallið eitthvað. Flestar greinarnar fjölluðu um athuganir á fiskgelum framleiddum úr surimi. Þó svo hlutfall greina er fjölluðu um heilan vöðva væri ekki hærra þá kom í ljós að hægt var að meta ýmsan breytileika og breytingar við vinnslu á vöðvanum með áferðarmælingum með tækjum. Má þar nefna söltun síldar, breytingar á fiskvöðva við frostgæmslu og áferð mismunandi fisktegunda.

HEIMILDASKRÁ

Abdalla, H., and Singh, R. P. 1985. Simulation of thawing of foods using finite element method. *J. Food Process Engineering* 7:273-286.

Abide, G. P., Hearnberger, J. O., and Silva, J. L. 1990. Initial fish state and mixing time effects on textural characteristics of a restructured catfish product. *J. Food Sci.* 55 (6):1747-1748.

Ahmed, P. O., Miller, M. F., Lyon, C. E., Vaughters, H. M., and Reagan, J. O. 1990. Physical and Sensory Characteristics of Low-Fat Fresh Pork Sausage Processed with Various Levels of Added Water. *J. Food Sci.* 55 (3):625-628.

Alvarez, C., Couso, I., Tejada, M., Solas, M. T., and Fernández. 1992. Action of starch and egg-white on the texture, water-holding capacity and microstructure in surimi gels. In *Quality Assurance in the Fish Industry*, edited by Huss, H. H. e. a.: Elsevier Science Publishers B.V.

Anderson, T. J., and Parrish, F. C., Jr. 1989. Postmortem degradation of titin and nebulin of beef steaks varying in tenderness. *J. Food Sci.* 54 (3):748-749.

Ando, M., Toyohara, H., Shimizu, Y., and Sakaguchi, M. 1991. Validity of puncture test for evaluating change in muscle firmness of fish during ice storage. *Nippon Suisan Gakkaishi* 57 (12):2341.

Ando, M., Toyohara, H., Shimizu, Y., and Sakaguchi, M. 1991. Post-mortem tenderisation of rainbow trout *Oncorhynchus mykiss* muscle caused by gradual disintegration of the extracellular matrix structure. *J. Sci. Food Agric.* 55:589-597.

Antony, K. P., Srinivas, G., Thankamma, R., and Prabhu, P. V. 1994. Effect of packaging materials on the shelf life of frozen fish fingers. *Fishery Technology* 31 (2):148-152.

Arganosa, G. C., Godber, J. S., Tanchotikul, U., McMillin, K. W., and Shao, K. P. 1991. Processing Ingredients Affecting Oxidative and Textural Stability of Restructured Beef Roasts. *J. Food Sci.* 56 (6):1480; 1496.-1483.

Azam, K., Mackie, I. M., and Smith, J. 1989. The effect of slaughter method on the quality of rainbow trout (*Salmo gairdneri*) during storage on ice. *Int. J. Food Sci. Technol.* 24:69-79.

Babbitt, J. K., and Reppond, K. D. 1988. Factors affecting the gel properties of surimi. *J. Food Sci.* 53 (3):965-966.

Bakir, H. M., Hultin, H. O., and Kelleher, S. D. 1994. Gelation properties of fatty fish processed with or without added sodium chlorid, cryoprotectants and antioxidants. *Food Research International* 27:443-449.

Bakir, H. M., Hultin, H. O., and Stephen, S. D. 1994. Some properties of fish gels made from several northwest atlantic species in the presence of high and low salt. *J. Food Proc. Pres.* 18:103-117.

Barassi, C. A., Crupkin, M., Martone, C. B., and Trucco, R. E. 1982. Seasonal Variation in the Viscosity of the Extracts of Muscle Proteins of Hake (*Merluccius hubbsi*) Stored on Ice. *J. Sci. Food Agric.* 32:303-305.

Barbut, S., and Mittal, G. S. 1990. Effect of heating rate on meat batter stability, texture and gelation. *J. Food Sci.* 55 (2):334-337.

Barbut, S., and Mittal, G. S. 1990. Effect of heating rate on meat batter stability, texture and gelation. *J. Food Sci.* 55 (2):334-337.

